

## 12. stjórnarfundur EBAK 13. mars 2019.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson, Egill Jónsson.

**Fjarverandi:** Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fundinn og bauð gest fundarins velkominn.
  2. **Gestur** fundarins var Halldór S. Guðmundsson, forstöðumaður Öldrunarheimila Akureyrar. Halldór Gunnarsson rifjaði upp sögu óskar EBAK um gerð viðhorfskönnunar meðal eldri borgara á Akureyri á eigin heilsu, kjörum og líðan. Akureyrarbær hefur falið Halldóri S. Guðmundssyni þetta mál.  
Halldór S. Guðmundsson tók við og eftirfarandi kom fram í máli hans:
    - a) Það þarf að gera kannanir en gera það á reglubundinn hátt yfir lengri tíma. Eldra fólk lendir í mjög mörgum könnunum og verður þreytt á því, sérstaklega ef það fær engar fréttir af niðurstöðunum. Þess vegna eru líkur á að þátttaka í könnunum geti farið minnkandi og gefi þá skekkta niðurstöður sem rýrir gildi þeirra.
    - b) Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun 2017 fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Velferðarráðuneytið og Landlækni. Kannaðir voru hagir og líðan eldri borgara á landsvísu, þar á meðal á Akureyri. Þarna eru mikil gögn sem vinna má meira úr og fá samanburð á niðurstöðum frá Akureyri miðað við landið í heild. Þátttakendur á Akureyri voru 100 – 200 manns og niðurstöður fyrir Akureyri myndu því gefa góða mynd.
    - c) Landlæknisembættið og Hagstofan gera kannanir reglulega og þar eru mikil gögn sem vinna mætti sérstaklega úr upplýsingar um eldri borgara á Akureyri.
    - d) Hann sendi bréf til Félagsvísindastofnunar og spurði um frekari úrvinnslu á gögnunum fyrir póstnúmerið Akureyri. Næsta skref væri að fá aðgang að gögnunum til að setja saman grunn fyrir frekari rannsóknir.
    - e) Hvaða spurningar viljum við fá svör við?: Þurfum við að spyrja öðruvísi? Hvaða sérþarfir eru hér? Er aldurshópurinn 60+ öðruvísi hér en annars staðar og hvað er hann stórt hlutfall af íbúum bæjarins? Sums staðar eins og til dæmis á Siglufirði er hlutfall aldraðra mjög stórt.
    - f) Æskilegt væri að koma upp rannsóknasetri hér á Akureyri í málefnum eldri borgara með aðkomu Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Slíkar rannsóknir munu framvegis snúast um lífsgæði. Líffræðilegir ferlar öldrunar eru þekktir en það vantar lýðfræðilegar rannsóknir.
    - g) Næsta skref er svar frá Félagsvísindastofnun. Halldór lætur vita þegar aðgangur að gögnunum er kominn. Málið er komið í farveg.Haukur nefndi hugtakið Velferðartækni og benti á að Halldór S. Guðmundsson væri brautryðjandi á því sviði.  
Halldór Guðmundsson sagði þetta norrænt hugtak og hingað til Akureyrar gætu menn sótt margt á þessu sviði. Við ættum að gera hér þekkingarmiðstöð með aðkomu fleiri aðila og ríkisins. Þurfum að auka fræðslu og færni til starfsfólks og eldri borgara. Það er viðvarandi verkefni. Að svo mæltu kvaddi Halldór fundinn.
3. **Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 11 frá 27. febr. 2019 yfirfarin og samþykkt.

4. **Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd.  
Haukur var 27. febrúar. Þá hringdu 7 og 3 komu. Spurt var um netbanka og ferðir á vegum EBAK. Garðar var 6. mars. Þá kom einn og spurði um sólarlandaferðina, annar kom og spurði um starfsemi EBAK og sá þriðji gekk í félagið.
5. **Viðvera** á skrifstofu næstu miðvikudaga: 13. mars: Linda; 20. mars: Egill; 27. mars: Birgir.
6. **Næsti stjórnarfundur EBAK.** Tillaga er um þriðjudaginn 26. mars nk. kl. 14.30 – 16.00.
7. **Verkefni** milli stjórnarfunda.
  - a. Endurskoðun starfslýsinga nefnda EBAK (sjá 12. lið).
  - b. Breyting á innréttingu á skrifstofu EBAK. Dóra og Bragi sáu um að fá stærra borð undir tölvuna, prentarann og ljósritunarvélina og komu því upp. Halldór þakkaði þeim fyrir og lýsti ánægju sinni með framtakið.
  - c. Geislaspilari og þráðlaus móttakari í tækjaskápinn í salinn í Bugðusíðu. Halldór hefur unnið að því að fá spilara og þráðlausa tengingu í salinn. Þráðlausu mikrafónarnir reyndust vel alls staðar í salnum á opna fundinum 11. mars.
  - e. Opinn fundur EBAK og Akureyrarbæjar 11. mars sl. Guðrún Sonja Kristinsdóttir verkefnastjóri og iðjuþjálfari hjá Heimafjónustunni, Ingunn Eir Eyjólfsdóttir verkefna-stjóri og félagsráðgjafi hjá Öldrunarheimilunum og Björg Jónína Gunnarsdóttir deildarstjóri og iðjuþjálfari hjá Öldrunarheimilunum kynntu ný þjónustuúrræði á vegum Akureyrarbæjar. Halldór gerði grein fyrir fundinum, nefndi að 54 hefðu komið og fundurinn hafi verið vel heppnaður.
  - f. Fréttir af starfi notendaráðs félagsmiðstöðvanna. Egill sagði að einn fundur hafi verið. Hallgrímur átti samtalið við Huldu sem sagði að starfsframmi notendaráðs sé að verða kominn og málið virðist í farsælum farvegi.
8. **Ársreikningur** EBAK fyrir árið 2018 – yfirfarinn, samþykktur og áritaður af stjórn.
9. **Árgjald** félagsins fyrir árið 2020. Stjórnin leggur til breytingu á innheimtu árgjalda og þau séu ákveðin fyrir yfirstandandi ár hverju sinni. Fresta ákvörðun fyrir 2020. Halldór andmælti því að félagið borgi til LEB fyrir þá sem ekki hafa borgað árgjöld félagsins en EBAK greiðir fyrir þann félagafjölda sem tilgreindur er í ársskýrslu.
10. **Tilnefning** þriggja varafulltrúa EBAK í öldungaráð Akureyrarbæjar, tillaga til aðalfundar EBAK: Hallgrímur Gíslason verði fyrsti varamaður, Hrefna Hjálmarsdóttir annar og Hjörleifur Hallgríms Herbertsson sá þriðji. Aðalmenn EBAK í öldungaráði verði áfram þau Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Halldór Gunnarsson.
11. **Breyting** á lista uppstillinganefndar: Gunnar Jóhannsson formaður spilanevndar saknaði eins nafns. Hann óskar eftir að Ketill Hólm Freysson verði í nefndinni. Í samráði við uppstillinganefnd samþykkti stjórn ósk Gunnars.
12. **Endurskoðun** starfslýsinga nefnda EBAK. Hallgrímur og Halldór eru að vinna að endurskoðun og er þeirri vinnu að ljúka. Þetta er gert í samstarfi við nefndir og klúbba félagsins. Tvær nefndir hafa þegar samþykkt sínar starfslýsingar.
13. **Aðalfundur** EBAK 1. apríl 2019.
  - a) **Samþykktir** verða óbreyttar en næst þarf að breyta grein um kosningu í öldungaráð.
  - b) **Auglýsing** um aðalfund kemur í dag, 13. mars og verður einnig hengd upp í báðum félagsmiðstöðvunum ásamt lista uppstillinganefndar .
  - c) **Verkefni** vegna undirbúnings aðalfundar listuð upp og skipt milli stjórnarmanna.
  - d) **Ársskýrsla** EBAK milli aðalfunda 2018-2019. Efnisyfirlit.
  - e) **Dagskrá** aðalfundar - drög.
  - f) **Fjöldi** nefnda, klúbba og ráða sem flytja skýrslur á aðalfundi og tímamörk? Halldór tók að sér að hafa samband við formennina.
  - g) **Prentun** fundargagna og dreifildi.

**14. Ályktanir** og tillögur stjórnar sem leggja á fram á aðalfundi 2019

- a) **Ályktun** um heilsueflingu eldri borgara á Akureyri.
- b) Tillaga um fulltrúa og varafulltrúa í öldungaráð.

**15. Önnur mál.**

- a) **Aðalfundur LEB, 6 fulltrúar.** Tillaga: Framkvæmdaráð ásamt Hallgrími og Garðari, varastjórn sem varamenn.
- b) **Afmælisrit LEB: Hugmynd að félögin sjái sjálf um dreifinguna og LEB greiði 100 kr. fyrir hvert blað. Ákveðið að EBAK sjái um sína félaga.**

**16. Heimsókn.** Búfesti hsf bauð stjórn EBAK í heimsókn kl. 15. Þar kom fram að sameiginlegur fundur EBAK og Búfesti hsf hafi ýtt við Akureyrarbæ þannig að Búfesti fær tvær lóðir við Skarðshlíð. Einnig er verið að vinna að lóðum í Holtahverfi. Stjórnin þakkar góðar móttökur og ánægjulega stund.

Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir